




Gotland eftir Nönnu Hertoft.

Á sýningu á vefjarlist

ÞEIM kom saman um það vefurunum Irmu Kukkasjarvi frá Helsinki og Nönnu Hertoft frá Lyngby í Danmörku, að erfitt væri að sjá sér farborða með myndvefnaði. Engu að síður hefur þetta listform tekið hugi þeirra svo fangna, að þær vilja ekki öðru brauðstriti sinna. Irma og Nanna eru meðal kvennanna átta, sem

taka þátt í vefjarlistsýningu Norræna hússins um þessar mundir og komu hingað til að vera við opnun hennar.

Það kemur sjaldan fyrir að fólk kaupi af mér vefnað til að hafa á einkaheimilum sínum, en sífellt verður algengara að finnskir arkitektar leiti samvinnu við vefara, og ég sel oft verk til að hafa í

ráðstefnuhúsum, kaffistöðum eða annars konar opinberum stofnunum, sagði Irma, þegar við skoðuðum, sýninguna í kjallara Norræna hússins.

— Þeir, sem ráða yfir sjóðum, sem varið er til kaupa á lista- verkum, eru hins vegar hræddir við vefnað, og kjósa fremur málverk og höggmyndir.

— Hvað ertu lengi að vefa verk eins og þessi hér?

— Aðeins vefnaðurinn á þessu verki, sem heitir Jökull (200x330 cm) tók 600 klst.

— Hefurðu ofið mikið úr gler- trefjum?

— Aðeins þau þrjú verk, sem hér eru. Ég er alltaf að reyna eitthvað nýtt, nú var ég að kaupa 7 1/2 kg af islenskri ull. Það er verst, hve vont er að fá heppilegt band hér.

Verk Irmu Kukkasjarvi í Norræna húsinu eru mjög sérkennileg. Þau eru úr glertréfjum. Eitt er á máluðum grunni. Í öðru er víða mikil þykkt. Litir og áferð eru sérkennileg.

— Ég er mjög hrifin af verkum Irmu Kukkasjarvi hér á sýningunni og kann vel að meta það, sem aðrir vefjarar gera úr ýmiss konar efnum, t.d. gerviefnum. Sjálf vef ég þó alltaf úr ull og hör fyrst og fremst, segir Nanna Hertoft frá Danmörku, sem litir sjálf og spinnur allt band, sem hún vefur úr. Þetta er því tímafrek vinna, en það tók Nönnu átta



Irma Kukkasjarvi



Nanna Hertoft


mánuði að vefa eitt verkið á sýningunni, Gotland. Venjulega vefur hún þó um 6-7 verk á ári, og litar jafnframt band og vinnur fyrir næstu teppi.

Nanna hefur unnið að vefnaði í 15-20 ár og segir áhuga á þeirri listgrein hafa farið mjög vaxandi í Danmörku síðustu árin.


Nanna segir efnið sjálft, sem hún notar, og litina hafa mikil áhrif á verk sín. Pólitísk viðfangsefni kveður hún breytast of ört til að hún tjái þau í vef. En hún kvaðst viss um að áhrif Íslandsferðar ættu eftir að koma fram í vefjarlist sinni.

— Hvaða verkum ertu hrifnust af hér á sýningunni?

— Nú setur þú mig í vanda, þau eru svo margvísleg. En ég er sennilega einna hrifnust af verkum Ásgerðar Búadóttur úr ull og hrosshári. Hún tekur þátt í sýningu Koloristerne í janúarmánuði næstkomandi, en ég er meðlimur í þeim samtökum og hef sýnt með þeim árlega undanfarin ár. — SJ.



Framtíð eftir Irmu.



Mynd Róbert.

Borg í ljósum, eitt af verkum Barböru Arnason á sýningunni á vefjarlist. Mynd Róbert.